

Mál nr. 274/2018**M og
vátryggingafélagið V v/ kaskótryggingar bifreiðarinnar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á vél eftir árekstur.****Gögn.**

Málskot, móttakið 6.9.2018, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 4.10.2018.
Bréf V, dags. 28.9.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 11. maí 2018 varð bifreiðin A í eigu M fyrir skemmdum er henni var ekið aftan á aðra bifreið með þeim afleiðingum að dráttarkrökur gekk inn í framenda hennar. A var færð á bifreiðaverkstæði 15. maí 2018 þar sem tjónsmat var framkvæmt. Samkvæmt yfirlýsingu (tölvupósti) verkstæðisins var vélarhlíf A ekki opnuð þegar tjónsmatið fór fram því „þá hefði það ekki lokast aftur, ákveðið var að reyna ekki við það þar engin ummerki um leka á vél voru til staðar.“ Við gerð tjónsmatsins voru engin ummerki um vatnsleka eftir tjón, þó sást að „Ac kassi“ var ónýtur. Var leyft að aka A að því gefnu að fylgst væri vel með gangi vélar sem og aðvörunarljósum í mælaborði hennar.

Þegar A kom svo til viðgerðar á verkstæðinu 8.7.2018 var „engin melding í mælaborði vegna kælivatns eða hita á vél.“ Á reikning bifreiðaverkstæðisins, dags. 17.7.2018, er skráð svofelld athugasemd: „ath þegar bíll kom til viðgerðar þá var mjög lítið vatn á vatnskerfi bíls og þegar verið var að setja vatn á vatnskassa eftir viðgerð og bíll látinn ganga þá sauð á vél, spurning hvað er að vél.“

Grunur mun hafa vaknað um að heddpakkning hafi eyðilagst. V hefur fallist á að bæta úr kaskótryggingu A það tjón á A sem beinlínis varð við áreksturinn en mun hafa hafnað bótaskyldu vegna tjóns á vél A sem varð, að því er ætla verður, eftir að tjónsmatið fór fram 15. maí 2018. M krefst þess á hinn bóginn að það tjón verði einnig bætt úr kaskótryggingunni.

Álit.

Í 4. gr. skilmála kaskótryggingar V eru tilgreindar þær tjónsorsakir sem vátryggingin tekur til, þ. á m. tjón sem hlýst af árekstri. Jafnvel þótt skemmdir kunna að hafa orðið vél A við fyrrgreindan árekstur með þeim afleiðingum að vatn fór að leka af vélinni þá nær bótasvið kaskótryggingarinnar ekki til þess afleidda tjóns varð á vélinni við notkun A eftir að vatn fór að leka af henni. Eins og mál þetta liggur fyrir telst tjón á vél A, sem varð eftir að tjónsmat fór fram 15. maí 2018, ekki bótaskyld úr kaskótryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A, bifreiðarinnar hjá V, vegna skemmda á vél bifreiðarinnar sem urðu eftir að tjónsmat á bifreiðinni fór fram 15. maí 2018.

Reykjavík, 23. október 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jón Magnússon lögm.